

# FUNDARBOÐ – SKÁTAPING 2023

SENT ÖLLUM SKÁTUM 16 ÁRA OG ELDRI SKV. FÉLAGATALI



Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2023.

Þingið verður haldið dagana **24.-26. mars í Háskólanum á Akureyri** og hefst með setningu kl. 20:30 föstudaginn 24. mars og lýkur sunnudaginn 26. mars kl. 13:00. Aðstaðan opnar kl. 18:30 og frá þeim tíma er hægt að fá þinggögn afhent. Kl. 19:30 verða opnar kynningar fram að setningu. Vakin er athygli á að ekki verður boðið upp á kvöldmat á föstudegi.

Dagskrá þingsins er [skv. 21. grein laga BÍS](#) og er sérstök athygli vakin á því að [skv. 17. grein laga BÍS](#) er ekki kosningaár. Einnig er rétt að vekja sérstaka athygli á greinum [18-20 í lögum BÍS](#) sem fjalla um Skátaping.

Allir starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétt óháð aðildarleið. Skátar 16 ára og eldri geta farið með 1 atkvæði félags sem þau eru skráð í. Skátafélög eru hvött til að vekja athygli sinna skáta á þinginu. Öll sem hyggjast taka þátt skulu [skv. 18. grein laga BÍS](#) skrá sig á [skraning.skatar.is](#) fyrir 17 mars klukkan 20:30. Félagsforingjar eða annað stjórnarfolk skátafélaganna skal [skila kjörbréfum rafrænt](#) þar sem tilgreindir eru aðal- og varafulltrúar skátafélags á þinginu.

Þátttökugjald er 6.000 kr., innifalin eru þinggögn, léttar veitingar á föstudagskvöldi, morgunverður báða morgna, hádegisverður á laugardegi og sunnudegi og almenn dagskrá sem verður boðið upp á samhliða þinginu.

Skátafélagið Klakkur er gestgjafi þingsins. Þau munu bjóða svefnpláss í [Valhöll, skátaskála Klakks á Vaðlaheiði](#) og í Hyrnu, skátaheimili Klakks í Þórunnarstræti. Þá mun félagið standa fyrir sérstökum hátíðarkvöldverði á laugardegi þingsins. Öll skráning fyrir slíkt mun fara fram í Sportabler og verður eingöngu aðgengileg þeim sem eru þegar skráð á Skátaping.

## Mikilvægar dagsetningar fram að Skátapingi:

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi dagsetningum fram að þingi samkvæmt gildandi lögum BÍS.

**24. febrúar kl. 20:30** – Fresti til að skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar BÍS lýkur.

**3. mars kl. 20:30** – Fresti til að skila beiðnum um upptöku mála á Skátapingi til stjórnar BÍS lýkur.

**10. mars kl. 20:30** – Fresti stjórnar BÍS til að senda félagsforingjum þinggögn, framboðslista og drög að dagskrá Skátapings lýkur.

**17. mars kl. 20:30** – Fresti til að skila athugasemdum um útsend gögn til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

**17. mars kl. 20:30** – Skráning á Skátaping lýkur.

**24. mars kl. 20:30** – Fresti skátafélaga til að skila gögnum og kjörbréfum til skrifstofu BÍS lýkur.

**24. mars kl. 20:30** – Skátafélög skulu afhenda kjörbréf. Skátaping er sett.



Upplýsingasiðu Skátapings má finna á [skatarnir.is/skatathing](https://skatarnir.is/skatathing) en þar má finna allar upplýsingar um Skátaping í rauntíma, þangað verður gögnum hlaðið upp þegar þau berast og í síðasta lagi fyrir tilgreindan frest samkvæmt lögum. Öll þinggögn verða aðgengileg þar á rafrænu formi þegar Skátaping verður sett.

Reykjavík 20. janúar 2023  
Fyrir hönd stjórnar BÍS



Harpa Ósk Valgeirsdóttir  
Skátahöfðingi

